

LÖGMANNAFÉLAG ÍSLANDS

ÁLFTAMÝRI 9 - 108 REYKJAVÍK

SÍMI: 685620

MYNDSENDIR (TELEFAX) 687057

Reykjavík, 21. ágúst 1996

Alþingi Íslendinga
Nefndadeild
Þórshamri
150 Reykjavík


Alþingi

Erindi nr. Þ 120/2439

komudagur 23 18 1996

Efni: Umsögn um hugmyndir að hækkun sjálfræðisaldurs.

Með bréfi þessu fylgir umsögn laganefndar Lögmannafélags Íslands um tvö frumvörp til laga um hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 árum í 18. Tekið skal fram að stjórn félagsins hefur ekki fjallað efnislega um frumvörpin né umsögnina.

Virðingarfyllt

Marteinn Másson, framkv.stj.

Hjálagt:
Umsögn.

Reykjavík, 21. ágúst 1996

**Umsögn um hugmyndir að hækkun
sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 ár.**

Lögmannafélagi Íslands hafa borist þrjár umsagnarbeiðnir um hugmyndir að hækkun sjálfræðisaldurs hér á landi úr 16 árum í 18 ár. Tvær umsagnarbeiðnanna eru í frumvarpsformi frá Alþingi og ein er fyrirspurn frá dómsmálaráðuneytinu, þar sem beðið er um röksemdir með og móti þessum hugmyndum. Stjórn L.M.F.Í. fól laganefnd félagsins að fara yfir og gera umsagnir um þessi erindi. Þar sem þau fjalla öll um sama efni er látið nægja að semja eina umsögn.

Hækkun á sjálfræðisaldri í 18 ár er að vissu leyti pólitískt mál. Grundvallarspurningin er hvort hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár þjóni tilgangi eða hvort beita beri öðrum aðferðum til að ná þeim markmiðum, sem að er stefnt?

Í lagafrumvörpunum tveimur er farið nokkrum orðum um helstu röksemdir fyrir hækkun sjálfræðisaldurs í 18 ár. Er þar aðallega um að ræða samræmingarsjónarmið annars vegar og verndunarsjónarmið hins vegar.


Segja má að viss rök geti mælt með því að samræmi sé í þessu efni milli innlendarar löggjafar og erlendarar, en hafa ber þó í huga að hér á landi hafa þróast aðrar venjur og hefðir um þátttöku unglunga í atvinnulífinu en annars staðar. Hæpið er að mati laganefndar að láta þetta atriði ráða úrslitum þegar ákvörðun er tekin um hvort hækka eigi sjálfræðisaldurinn eða ekki.

Auk samræmingar hafa verið færðar fram sem röksemdir í fyrsta lagi breyttar þjóðfélagsaðstæður frá fyrri hluta aldarinnar, sem leiða af sér meiri þörf á að framlengja forsjárskyldur foreldra til að auka réttaröryggi barna þeirra og í öðru lagi þörf til að hafa virkari úrræði eða heimildir gagnvart þeim unglungum, eldri en 16 ára, sem ánetjast hafa fikniefnum og áfengi. Megineinkenni þessara röksemda virðist vera rík verndarhyggja í þágu unglunganna.

Á móti má halda því fram að vandræðaástand í miðbæ Reykjavíkur og víðar og óheilbrigt lífarni hóps unglunga eigi ekki að leiða til skerðingar á réttindum (og skyldum) þorra þeirra, sem eru á aldrinum 16-18 ára og sem breytingunum er ekki beint gegn.

Með hækkun sjálfræðisaldurs úr 16 í 18 ár færast réttur unglingsins til að ráða persónulegum högum sínum til foreldranna. Að sama skapi aukast skyldur foreldranna. Því má varpa fram til umhugsunar hvort þessi tilfærsla réttinda og valds, með þeim rökum, sem sett hafa verið fram, eigi að leiða til víðtækari sköðunar á hinum ýmsu aldursmörkum, er gilda um réttindi og skyldur barna og unglunga, svo sem saknæmisaldur, aldursmörk til að mega öðlast öikumannsréttindi o.s.frv.

E.h. laganefndar L.M.F.Í.


Marteinn Másson, framkv.stj.